

3 bréf til félaga í Vinafélagi Þverárkirkju í júní 2014

9. júní 2014:

Sælir félagar í Vinafélagi Þverárkirkju!

Jón, frændi okkar, *Hálfðanarson* hefur tekið saman 9 blaðsíðna pistil um Þverárkirkju, þar sem hann fer yfir sögu hennar í grófum dráttum. Samantekt þessi er skemmtileg og áhugaverð, og vel til þess fallin að undirbúa okkur undir messuna í kirkjunni 24. ágúst nk. Þakka þér fyrir það, Jón! Látið í ykkur heyra ef ykkur býr eitthvað í huga.

Kveðja,

Már

17. júní 2014:

Sælir félagar í Vinafélagi Þverárkirkju!

Kirkjur Íslands er stórmerk ritröð. Árið 2013 komu út bækur nr. 21 og 22. Þar er sagt frá friðuðum kirkjum í Þingeyjarprófastsdæmi. Þar er Þverárkirkja. Frá henni er sagt á 39 síðum, þegar allt er talið með, en sjálfur textinn er styttri. Nú skora ég á alla velunnara kirkju og staðar að líta á ágætan texta og fallegar myndir. *Sverrir Haraldsson* á Hólum í Laugahverfi í Reykjadal (tengdur ættinni) og *Hjörleifur Stefánsson* eru höfundar. Hér hef ég ljósritað greinina, en bækurnar fást fyrir aðeins kr. 6.000 báðar. Þar eru myndirnar betri. Þetta er létt pdf-skjal.

Sjá <http://www.marvidar.com/thvera/>

Kveðja,

Már

20. júní 2014:

Sælir félagar í Vinafélagi Þverárkirkju [og Víðisar]!

Það er alltaf gott þegar menn hljóta viðurkenningu fyrir það hvernig þeir hafa unnið úr lífi sínu. Og birtan sem af slíku hlýst lýsir yfir á vini og vandamenn, og er það vel. Frændi okkar, *Helgi Hallgrímsson* náttúrufræðingur á Egilsstöðum, hlaut núna, í tilefni þjóðhátíðardags, riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu úr hendi forseta Íslands fyrir „ritstörf og rannsóknir á íslenskri náttúru“.

Ég hef oft minnst á Helga í skrifum mínum. Samantekt hans um *Þóru Sigurðardóttur*, frænku [sumra] okkar, sem aðrar Þórir í ættinni eru skírðar eftir, er á heimasíðu minni, eins og þið vitið öll. Þar má einnig sjá yfirlit yfir rit þau sem Helgi hefur saman tekið og fengið út gefin, sum hver stórmerk.

Við sömu athöfn hlaut *Hjörleifur Stefánsson* arkitekt riddarakross "fyrir framlag sitt til húsaverndar og sögu íslenskrar byggingalistar". Nægir þar að nefna ritröðina Kirkjur Íslands, sem ég nefndi í pósti til ykkar nýlega. Hjörleifur hefur komið að endurgerð Þverárkirkju og verið bæði Vinafélagi kirkjunnar og kirkjubónda, *Áskatli Jónassyni*, til halds og trausts.

Til hamingju þið tveir, og allir aðstandendur!

Kær kveðja,

Már